

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf  
í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.**

### 1. gr.

Við 15. gr. bætist nýr staflíður, svohljóðandi:

- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2014 frá 9. júlí 2014 um að skipta út VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar lágmarkstíðni greininga, sem vísað er til í tölulið 21apg, III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2014, frá 12. desember 2014, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbaeti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 5. febrúar 2015, 2015/EES/8/52, bls. 762-763.

### 2. gr.

#### *Innleiðing.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2014 frá 9. júlí 2014 um að skipta út VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 601/2012 að því er varðar lágmarkstíðni greininga, sem vísað er til í tölulið 21apg, III. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2014, frá 12. desember 2014.

### 3. gr.

#### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. mgr. 13. gr., 6. mgr. 18. gr., 9. mgr. 19. gr. og 7. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. febrúar 2015.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Danfríður Skarphéðinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2015